Skipulags- og byggingardeild Kópavogs
b.t. skipulagsfulltrúa
Digranesi 1
200 Kópavogur

Reykjavík, 19. júní 2024

Efni: Umsögn Veitna vegna skipulagslýsingar fyrir Rammahluta aðalskipulags- Kársnes.
Mál 1679/2024

Veitur hafa fengið til umsagnar skipulagslýsingu fyrir rammahluta aðalskipulags - KársnesÞróunarsvæði. Í skipulagslýsingunni er gerð grein fyrir þeim áherslum sem verða í komandi skipulagsvinnu, forsendum og fyrirliggjandi stefnu sem skipulagið byggir á, umfangi umhverfismats og fyrirhuguðum kynningum og samráði við skipulagsgerðina. Rammaskipulag fyrir vestanvert Kársnes snýr einkum að áframhaldandi þróun svæðisins með sérstakri áherslu á góðar samgöngutengingar m.a. fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur og almenningsrými

Veitur eiga og reka hitaveitu og rafmagnsveitu í Kópavogi. Við skipulag nýrra svæða þarf að gæta þess að tryggja rými fyrir nauðsynleg veitukerfi í samræmi við breyttar aðstæður og að veitufyrirtæki komi að gerð skipulagsins framarlega í skipulagsferlinu.

Veitur benda á að áskoranir er með forða og flutning á hitaveitu á Kársnesinu. Fyrirhugað er að leggja nýjar og stærri flutningslagnir fyrir hitaveituna á Kársnesi, samhliða uppbyggingu á Borgarlínu eftir Borgarholtsbraut. Þannig að þar til að framkvæmdum við Borgarlínu á Kársnesinu er lokið verður ekki til nægt heitt vatn til afhendingar á mestu álagstímum fyrir mikið stærri byggð en nú er á svæðinu.

Veitur leggja áherslu á mikilvægi samráðs á öllum stigum skipulagsvinnunnar. Jafnframt óska Veitur eftir upplýsingum um áform og tímasetningar svo hægt sé að huga að nauðsynlegri styrkingu og samþættingu við framkvæmdir.

Virðingarfyllst,
f.h. Veitna

Helga Rún Guðmundsdóttir

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11 2026

EBV-150-02